

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 264,70 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 13,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Pegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatns-nota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

A-liður: $H = 9\,452,00 + 10,40 \times V$

B-liður: $H = 14\,179,00 + 15,40 \times V$

H_n

C-liður: $H = \frac{\quad}{9\,452,00 \times n + 10,40 \times V_n} \times (9\,452,00 + 10,40 \times V)$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. okt. 1981, 811 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 33,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 75,10 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.

c. Vatnsgjald kr. 4,74 pr. m³.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 78,00 í hvert skipti.